

Orkustofnun  
María Guðmundsdóttir  
Grensásvegi 9  
108 REYKJAVÍK

Garðabær, 27. mars 2018  
2018030013/42-8  
KJ,TB  
gg/tb

### Umsókn um rannsóknaleyfi til rannsókna á mögulegum háhita við Bolöldu

Vísað er til bréfs frá Orkustofnun, dags. 6. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Náttúrufræðistofnunar Íslands um umsókn Reykjavík Geothermal um rannsóknaleyfi til rannsókna á mögulegum háhita við Bolöldu með fyrirhugaða virkjun í huga allt að 100 MW.

Rannsóknasvæðið sem sótt er um deilir mörkum með Bláfjallafólkvangi að hluta, sjá meðfylgjandi mynd. Rannsóknasvæðið nær einnig inn á vatnsverndarsvæði ýmist fjarsvæði eða grannsvæði samkvæmt þeim upplýsingum sem Náttúrufræðistofnun hefur um vatnsverndarsvæði (sjá meðfylgjandi mynd). Jafnframt nær rannsóknasvæðið yfir mestan hluta svæðis nr. 753 á náttúruminjaskrá, Eldborgir við Lambafell, formfagarar eldstöðvar frá sögulegum tíma þ.e. Syðri- og Nyrðri-Eldborg og Svínahraunsbruna sem talið er að hafi runnið um 1000 eftir Krist, svokallað Kristnitökuhraun. Hraun og gígar á svæðinu njóta einnig sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013.

Að mati Náttúrufræðistofnunar fellur fyrirhuguð virkjun undir lög um verndar- og orkunýtingaráætlun nr. 48/2011, en þar segir m.a. að virkjunarkostir sem verndar- og orkunýtingaráætlun á að taka til skv. 3. mgr. 3. gr. og ekki hefur verið tekin afstaða til í gildandi verndar- og orkunýtingaráætlun skuli lúta sömu reglum og virkjunarkostir í biðflokki áætlunarinnar. Um rannsóknaleyfi fyrir virkjunarkosti í biðflokki segir: „Heimilt er að veita leyfi tengd orkurannsóknum og stunda orkurannsóknir sem ekki eru leyfisskyldar vegna virkjunarkosta í biðflokki enda séu framkvæmdir vegna þeirra ekki matsskyldar samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum eða háðar mati á umhverfisáhrifum samkvæmt ákvörðun Skipulagsstofnunar eða, þegar við á, úrskurði ráðherra.“ Í umsókn Reykjavík Geothermal kemur fram að í síðari áfanga rannsókna, 2020-2021, er gert ráð fyrir tilraunaborunum. Ljóst er að ef farið er í tilraunaboranir þarf einnig vegi.


Náttúrufræðistofnun gerir ekki athugasemd við að heimilaðar verði yfirborðsrannsóknir, sé það tryggt að þær valdi engu raski á náttúruminum á svæðinu. Stofnunin leggst hins vegar gegn því að heimilaðar verði tilraunaboranir enda eru allar líkur á því að boranir á þessu svæði, bæði vegna t.d. náttúruminja og mengunar, þyrftu að fara í mat á umhverfisáhrifum. Náttúrufræðistofnun telur að áður en afstaða er tekin til þess hvort heimila eigi aðrar rannsóknir en yfirborðsrannsóknir eigi að klára umfjöllun um þetta landsvæði samkvæmt




lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun nr. 48/2011 sem ákvarðar hvort það lendir í verndar- eða orkunýtingarflokki.

Jafnframt bendir Náttúrufræðstofnun á að fara þarf eftir ákvæðum laga um náttúruvernd nr. 60/2013 eftir því sem við á, s.s. um svæði á náttúruminjaskrá og friðlýst svæði (t.d. áhrif inn á friðlýst svæði, sjá t.d. 37. og 54. gr), um sérstaka vernd þ.e. 61. gr. laganna, ákvæði um akstur utan vega, sjá 31. gr., 3. gr. laganna um verndarmarkmið fyrir jarðminjar, vatnasvæði, landslag og víðerni (sjá einnig 2. gr. laganna um verndun lífríkis) og t.d. greinar 6-11 um meginreglur (sjá t.d. greinar um aðgæsluskyldu, mat á heildarálagi og vísindalegan grundvöll að ákvarðanatöku).

Virðingarfyllst

  
Guðmundur Guðmundsson  
starfandi forstjóri

  
Trausti Baldursson

Meðf: Mynd sem sýnir rannsóknasvæði og svæði á náttúruminjaskrá. Mynd sem sýnir rannsóknasvæði og vatnsverndarsvæði.





Eilíðardalur

Rauðholjar

Tröllabörm

Blábjörg

Eldborg

Eldborgir við Lambafell

Eldborg undir Mentum

Hengilsræðið

Fjörumörk vestan Þvartar

Fjörumörk við Hítala

Varmá og Ört  
Kaldrananesengjar og

Stakkavík og Hlíðarvatn í Selv  
Herdisarvík

Kjanesfólkvangur

Hlíðuborgir


Þarhraun og Gjarnar

H og Burfellsgjá

Svaðavain

Júlíussartún


# Legend


 Trausti\_Bolaöldur


**LV\_NI\_vatnsverndarsvaedi\_2016**


**Tegund2**




 Brunnsvæði

 Fjarsvæði

 Grannsvæði

 Grunnsvæði

 Öryggissvæði

